

Tryggingarsjóður  
innstæðueigenda og fjárfesta  
Ársreikningur 2010

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta  
Borgartúni 35  
105 Reykjavík

Kt. 510400-3560

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	5
Innstæðudeild:	
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstremisýfirlit .....	8
Skýringar .....	9
Verðbréfadileild:	
Rekstrarreikningur .....	12
Efnahagsreikningur .....	13
Sjóðstremisýfirlit .....	14
Skýringar .....	15

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta var stofnaður 28. desember 1999. Sjóðurinn starfar í tveimur deildum með aðskilinn fjárhag og reikningshald, innstæðudeild og verðbréfadeild. Einnig er sjóðnum heimilt að starfrækja sérstaka lánadeild.

Samkvæmt lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, skulu heildareignir innstæðudeildar nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári og uppfyllir sjóðurinn það skilyrði ekki í árslok 2010. Þann 17. maí 2010 tók FME yfir rekstur Sparisjóðsins í Keflavík og Byrs sparisjóðs. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er ekki til staðar skuldbinding á hendur innstæðudeild vegna þessara aðildarfélaga.

Samkvæmt ákvæðum um verðbréfadeildina í framangreindum lögum skulu heildareignir hennar nema að lágmarki 100 millj. kr. Eigið fé deildarinnar nam 217 millj. kr. í árslok 2010. Þann 9. apríl 2010 var VBS fjárfestingabanki hf. tekinn til slitameðferðar og Askar Capital hf. þann 14. júlí 2010. Fram hafa komið kröfur á hendur verðbréfadeild vegna verðbréfa í vörslu VBS fjárfestingabanka hf. en lögmæti og fjárhæðir hafa ekki fengist staðfestar.

Segja má að árið 2010 hafi einkennst að biðstöðu. Frumvarp um ný heildarlög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta var lagt fram á Alþingi haustið 2009. Frumvarpið varð ekki að lögum fyrir þinglok og var nýtt frumvarp lagt fram sl. haust. Vonir stóðu til að frumvarpið yrði að lögum með gildistöku 1. janúar sl. en svo fór ekki og er frumvarpið enn í meðförum Alþingis. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stofnuð verði ný innstæðudeild, svokölluð A-deild. Greiðslur til hvers einstaks innstæðueiganda úr A-deild skulu nema heildarfjárhæð tryggðra innstæðna hans í hlutaðeigandi innlásstofnun, þó aldrei hærri fjárhæð en nemur jafnvirði 100.000 evra. Sá frestur er veittur er til útgreiðslu úr innstæðudeild er styttrur verulega frá því sem kveðið er á um í nágildandi lögum og yrði lengstur 30 dagar.

Ljóst varð eftir þjóðaratkvæðagreiðslu þá er fram fór 6. mars 2010 að Icesave samningarnir frá júní og október 2009 tækju ekki gildi. Ekki hefur verið greitt úr innstæðudeild til innstæðueigenda í Landsbanka. Endurskoðun á fjárfestingastefnu sjóðsins og samningum þar um hefur endurtekið verið frestað vegna yfirvofandi útgreiðsna úr sjóðnum sem og afgreiðslu frumvarps um ný heildarlög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Hafist var handa við innlausn eigna sjóðsins við lok frests til útgreiðslu úr innstæðudeild í október 2009 og er því lokið. Hafa eignir verðbréfadeildar einnig verið innleystar enda hefur stofnast til greiðsluskyldu þar eins og áður greinir. Þannig eru eignir sjóðsins óbundnar og tilbúnar til útgreiðslu með skömmum fyrirvara. Samningum um eignastýringu við Arion banka hf. og MP banka hf. var sagt upp í september 2010.

Nýir Icesave samningar voru áritaðir þann 8. desember sl. Þótt fulltrúar Tryggingarsjóðsins hafi ekki tekið beinan þátt í störfum samninganefndarinnar hefur sjóðurinn verið upplýstur um samningsferlið frá því að viðræður hófust að nýju eftir úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Gegndi Jóhannes Karl Sveinsson samninganefndarmaður hlutverki sem sérstakur tengiliður við sjóðinn á samningstímanum. Formaður stjórnar, Guðrún Þorleifsdóttir, og Eiríkur Elís Þorláksson, lögmaður sjóðsins, sátu síðasta samningafundinn í London og áritaði Guðrún, að fengnu umboði stjórnar, samningana fyrir hönd Tryggingarsjóðs. Svakallað Icesave frumvarp (þskj. 546 - 388. mál) var samþykkt á Alþingi þann 16. febrúar sl. Lögin hafa ekki verið birt. Í samræmi við ákvæði laganna mun fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, semja við sjóðinn um framkvæmd samninganna. Gert er ráð fyrir því að ábyrgð Tryggingarsjóðs vegna Icesave samninganna verði takmörkuð við eigið fé innstæðudeildar. Við mat á eigin fé og útreikningi þess skal miðað við ákvörðun stjórnar sem skal taka mið af endurskoðuðu ársuppgjöri við áramótin 2010 og 2011 eða öðru því uppgjöri sem aðilar koma sér saman um. Fjármálaráðuneytið mun svo leggja til fjármagn til reksturs sjóðsins og til að mæta þeim kostnaði sem sjóðurinn hefur orðið fyrir og mun fyrirsjánlega verða fyrir í kjölfar falls íslenskra banka og sparisjóða frá árinu 2008.

## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Eins og fram kemur í skýringu nr. 3 í reikningum innstæðu- og verðbréfadeildar hefur Tryggingarsjóður hafið undirbúning vegna útreiknings inngreiðslna á grundvelli gildandi laga nr. 98/1999. Verði frumvarp um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta (þskj. 268 - 237. mál) sem nú er til meðferðar Alþingis að lögum fyrir 1. mars 2011 verður innheimta í sjóðinn á árinu 2011 verulega breytt frá því sem verið hefur. Útreikningur á inngreiðsluþörf ársins 2011 hefur því ekki farið fram. Eins og komið hefur fram hefur Alþingi samþykkt svokallað Icesave frumvarp. Er þar ákvæði um að eftir gildistöku laganna, sé óheimilt að ráðstafa iðgjöldum sem innheimt eru í innstæðudeild í samræmi við gildandi lög nr. 98/1999 til greiðslu kostnaðar af þeim skuldbindingum sem Icesave samningarnir taka til.

Eins og fram kemur í skýringum nr. 2 og 7 í reikningum innstæðudeilda og skýringum nr. 2 og 6 í reikningum verðbréfadeilda ríkir óvissa um fjárhæð skuldbindinga sjóðsins og innheimtu krafna sem lýst hefur verið á hendur slitastjórnunum hinna föllnu aðildarfélaga. Vegna óvissunnar hafa hvorki skuldbindingarnar né kröfurnar verið færðar í ársreikning sjóðsins.

Að teknu tillit til framangreindra fyrirvara staðfesta stjórn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og framkvæmdastjóri ársreikning sjóðsins fyrir árið 2010 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 17. febrúar 2011.

Stjórn:

Gudrun Þorleifsdóttir  
Guðrún Þorleifsdóttir  
Guðrún Þorleifsdóttir  
Guðrún Þorleifsdóttir  
Guðrún Þorleifsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Sigrún Þórgaðóttir

### STAÐFESTING EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið 21. febrúar 2011.

Efnahags- og viðskiptaráðherra:

Guðrún Þorleifsdóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaðferðir og skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirlit sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álití sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víssta fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri haettu að verulegir annmarkar séu á ársreikningum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glöggja framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Fyrirvari

Eins og fram kemur í skýringu 2 og skýringu 7 vegna innstæðudeildar og skýringu 2 og skýringu 6 vegna verðbréfademdar ríkir veruleg óvissa um fjárhæð þeirra skuldbindinga sem hvíla á innstæðudeild og verðbréfademild sjóðsins vegna falls fjármálfyrirtækja og innheimtu krafna sem lýst hefur verið á hendur slitastjórnum þeirra. Vegna óvissunnar hafa hvorki skuldbindingarnar né kröfurnar verið færðar í ársreikning sjóðsins.

## Álit

Það er álit okkar, að teknu tilliti til framangreinds fyrirvara, að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 17. febrúar 2011

**KPMG ehf.**

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "KPMG ehf. Ari Þórssen". The signature is fluid and cursive, with "KPMG ehf." at the top and "Ari Þórssen" below it.

# Rekstrarreikningur árið 2010

## - innstæðudeild

---

	Skýr.	2010	2009
<b>Tekjur</b>			
Framlög aðildarfyrirtækja .....	3	2.441.211	2.139.300
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur .....		4.360	1.806.296
		<u>2.445.571</u>	<u>3.945.596</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....		19.131	16.599
Annar rekstrarkostnaður .....		29.195	50.217
Umsýsluþóknanir .....		7.641	31.684
Fjármagnstekjuskattur .....		241.608	375.863
		<u>297.575</u>	<u>474.363</u>
<b>Tekjur umfram gjöld</b> .....	6	<u>2.147.996</u>	<u>3.471.233</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2010

## - innstæðudeild

	Skýr.	31.12.2010	31.12.2009
<b>Eignir</b>			
<b>Bankainnstæður og verðbréf</b>			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæður .....		21.860.120	15.369.178
Aðrar bankainnstæður .....		764	170.819
Verðbréf .....	1,4,5	0	4.540.975
		21.860.884	20.080.972
<b>Aðrar eignir</b>			
Krafa á aðildarfélög .....	3	1.730	0
Fjármagnstekjuskattur .....		189.209	0
Krafa á verðbréfadeld .....		0	1.886
		190.939	1.886
<b>Eignir samtals</b>		<b>22.051.823</b>	<b>20.082.858</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Fjármagnstekjuskattur .....		259.198	419.727
Skuld við verðbréfadeld .....		18.941	0
Aðrar skammtímaskuldir .....		9.180	46.623
		287.319	466.350
<b>Eigið fé</b>			
Eigið fé .....	6	21.764.504	19.616.508
		21.764.504	19.616.508
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>22.051.823</b>	<b>20.082.858</b>

# Sjóðstreymsyfirlit árið 2010

## - innstæðudeild

---

	Skýr.	2010	2009
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tekjur umfram gjöld .....		2.147.996	3.471.233
Breytingar á rekstrartengdum eignum .....		4.351.922	11.328.387
Breytingar á rekstrartengdum skuldum .....	(	179.031)	103.754
<b>Hækkun á handbæru fé .....</b>		6.320.887	14.903.373
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		15.539.997	636.624
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		21.860.884	15.539.997

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.
- b. Verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði.
- c. Viðskiptapóknanir eru færðar til lækkunar á vaxtatekjum, verðbótum og gengismun en föst umsýslubóknun fyrir fjárvörslu er færð sem sérstakur liður meðal gjalda.

## 2. Skuldbindingar

Þann 6. október 2008 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði. Þessi lög fela bað m.a. í sér að við sérstakar og mjög óvenjulegar aðstæður á fjármálamarkaði er Fjármálaeftirlitinu fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að reiða fram fjármagn til að stofna nýtt fjármálfyrirtæki eða yfirtaka fjármálfyrirtæki eða protabú bess í heild eða að hluta. Á tímabilinu 6.-9. október 2008, tók Fjármálaeftirlitið yfir stjórn þriggja stærstu viðskiptabanka landsins, Landsbanka Íslands hf., Kaupnings banka hf. og Glitnis banka hf. Fjármálaeftirlitið hefur síðar tekið yfir vald hlutahafafunda Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., Sparisjóðabanka Íslands hf., Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka hf., Sparisjóðsins í Keflavík og Byrs sparisjóðs.

Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir aðilum sem gætu átt kröfu á hendur Tryggingarsjóði. Miðað er við þá dagsetningu sem Fjármálaeftirlitið gaf út tilkynningu um greiðsluskyldu sjóðsins eða þegar viðkomandi aðildarfélag var tekið til slitameðferðar þegar það á við. Um er að ræða mat sjóðsins byggt á upplýsingum frá viðkomandi aðildarfélagi og þeim kröfum sem borist hafa sjóðnum beint. Endanlegar staðfestingar á kröfum ligga ekki fyrir í öllum tilvikum:

Fjármálfyrirtæki	Dags.	Áætlaður fjöldi kröfuhafa
Landsbanki Íslands hf.	27.10.2008	Bresku og hollensku tryggingarsjóðirnir vegna licesave. 140 aðilar vegna heildsölu- og peningamarkaðsinnlána. Nokkrir tugir aðila vegna vaxtakrafna.
Kaupping banki hf.	30.10.2008	Sex aðilar vegna heildsölu- og peningamarkaðsinnlána. Um 40 þús. aðilar vegna vaxtakrafna.
Glitnir banki hf.	4.11.2008	Um 140 aðilar með kröfu vegna heildsölu- og peningamarkaðsinnlána.
Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki hf.	30.3.2009	Einn aðili með kröfu vegna heildsölu- og peningamarkaðsinnlána.
Sparisjóðabanki Íslands hf.	8.4.2009	Engar kröfur hafa komið fram.
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf.	8.4.2009	Engar kröfur hafa komið fram.
Sparisjóðurinn í Keflavík	17.5.2010	Engar kröfur hafa komið fram.
Byr sparisjóður	17.5.2010	Engar kröfur hafa komið fram.

Strax við fall Landsbankans var ljóst að eignir innstæðudeilda sjóðsins dygðu ekki til að mæta þeim kröfum sem innstæðueigendur Landsbankans áttu á hendur sjóðnum. Hefur sjóðurinn litið svo á að þar sem sjóðurinn tæmist við greiðslur til innstæðueigenda Landsbankans verði ekki til fjármagn til að mæta kröfum annarra. Sá frestur sem efnahags- og viðskiptaráðherra veitti sjóðnum til útgreiðsna til innstæðueigenda í Landsbanka rann út þann 27. október 2009. Höfðu þá bresku og hollensku tryggingasjóðirnir þegar greitt flestum þeim innstæðueigendum er nutu verndar þeirra í Bretlandi og Hollandi. Enn hafa engar greiðslur átt sér stað úr innstæðudeild sjóðsins.

## Skýringar, frh.:

### 2. Skuldbindingar, frh.

Þann 8. desember sl. áritaði formaður stjórnar svokallaða Icesave samninga fyrir hönd sjóðsins. Frumvarp til laga um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta þessa samninga var samþykkt á Alþingi þann 16. febrúar sl. Samkvæmt samningunum er ábyrgð Tryggingarsjóðs takmörkuð við eigið fé innstæðudeildar sjóðsins sem renna skal upp í fyrstu vaxtagreiðslu samkvæmt ákvæðum samninganna. Fjármálaráðuneytið skal endurgreiða sjóðnum fé að því marki sem þarf til að mæta þeim kostnaði sem sjóðurinn hefur orðið fyrir í kjölfar hruns Íslenskra banka og sparisjóða frá árinu 2008, kostnaði sem sjóðurinn verður fyrirsjáanlega fyrir í framtíðinni af sömu ástæðu vegna umsýslu og öðrum kostnaði sem til kann að falla vegna sömu mála.

Vegna þeirrar óvissu sem ríkir um lyktir framangreinds hafa fjárhæðir skuldbindinga sjóðsins vegna falls framangreindra aðila ekki verið færðar í ársreikning sjóðsins.

### 3. Framlög aðildarfyrirtækja

Samkvæmt lögum nr. 98/1999, um innstæðustæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta skal heildareign innstæðudeildar tryggingrasjóðsins að lágmarki nema 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári þó þannig að hámarksreiðsla á hverjum tíma skal nema 0,15% af meðalstöðu tryggðra innlána á næstliðnu ári og skulu aðildarfélög gefa út ábyrgðaryfirlýsingar fyrir því sem á vantart.

Eins og fram kemur í skýringu 2 eru skuldbindingar innstæðudeildar langt umfram eigið fé og við útreikninga á inngreiðslubörf í sjóðinn á árinu 2010 var miðað við að engar eignir væru í sjóðnum. Á árinu 2010 var innheimt vegna 0,15% framlags aðildarfélaga samtals að fjárhæð 2.421 m.kr. Útgáfurnar ábyrgðaryfirlýsingar námu í árslok 2010 13.722 m.kr. Tryggingarsjóður hefur hafið undirbúning vegna inngreiðslna á grundvelli gildandi laga nr. 98/1999. Verði frumvarp um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta (þskj. 268 - 237. mál) sem nú er til meðferðar Alþingis að lögum fyrir 1. mars verður innheimta í sjóðinn á árinu 2011 verulega breytt frá því sem verið hefur. Útreikningur á inngreiðslubörf ársins 2011 hefur því ekki farið fram. Alþingi hefur samþykkt svokallað Icesave frumvarp (þskj. 546 - 388. mál). Er þar ákvæði um að eftir gildistöku laganna, sé óheimilt að ráðstafa iðgjöldum sem innheimt eru í innstæðudeild í samræmi við gildandi lög nr. 98/1999, til greiðslu kostnaðar af þeim skuldbindingum sem Icesave samningarnir taka til.

Framlög aðildarfélaga greinast sem hér segir:	2010	2009
0,15% af meðalstöðu tryggðra innlána næstliðins árs .....	2.421.480	2.415.085
Niðurfærðar kröfur .....	0	( 275.785)
Tekjufærðar áður afskrifaðar kröfur .....	19.731	0
Tekjufærð framlög samtals .....	2.441.211	2.139.300

### 4. Eignir í fjárvörslu

Samningum um eignastýringu við Arion Banka hf. og MP Banka hf. var sagt upp á árinu. Allar eignir í fjárvörslu hafa verið innleystar og ráðstafað á bankareikninga í Seðlabanka Íslands. Inngreiðslum hefur einnig verið ráðstafað á reikninga í Seðlabanka. Þannig eru eignir sjóðsins óbundnar og tilbúnar til útgreiðslu með skömmum fyrirvara.

### 5. Verðbréf

Verðbréf greinast þannig:	2010	2009
Erlend skuldabréf .....	0	4.540.975
	0	4.540.975

## Skýringar, frh.:

### 6. Eigið fé

Breytingar á eigin fé greinast þannig:

	2010	2009
Eigið fé 1.1 .....	19.616.508	16.145.275
Tekjur umfram gjöld .....	2.147.996	3.471.233
Eigið fé 31.12 .....	21.764.504	19.616.508

### 7. Krafa Tryggingarsjóðs á hendur slitastjórnum fjármálafyrirtækja

Sjóðurinn hefur gert eftirfarandi kröfur á hendur slitastjórnum fjármálafyrirtækja:

	millj. kr.
Glitnir banki hf. ....	2.906
Kaupþing banki hf. ....	409.822
Landsbanki Íslands hf. ....	1.356.937
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. ....	1.415
Sparisjóðabanki Íslands hf. ....	718
	<b>1.771.798</b>

Tegundum krafna sem lýst hefur má gróflega skipta í two flokka, kröfur grundvallaðar á skylduaðild aðildarfélaga og kröfur grundvallaðar á greiðsluskyldu sjóðsins vegna yfirlýsingar Fjármálaeftirlitsins um ógjaldfærni.

Slitastjórn Glitnis banka hf. hefur frestað afstöðu til allra krafna Tryggingarsjóðs. Ágreiningur er um kröfur í Kaupþing banka hf. en unnið er að því að útkljá málid. Landsbanki Íslands hf. hefur frestað afstöðu til allra krafna Tryggingarsjóðs. Hluti krafna sem lýst var á hendur Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. hafa verið felldar niður og réttilega beint að dótturfélagi bankans nb.is. Þessar kröfur hafa verið greiddar. SPRON hefur annars frestað afstöðu til krafna sjóðsins. Sparisjóðabankinn hefur hafnað kröfu sjóðsins. Héraðsdómur hefur úrskurðað um kröfu sem Tryggingarsjóður hafði lýst á hendur Straumi-Burðarási fjárfestingabanka hf. (nú ALMC hf.) þar sem kröfunni var hafnað með þeim rökum að krafan ætti ekki rétt á sér þar sem ekki hafi verið greitt úr sjóðnum til viðskiptavina félagsins. Dómnum var unað af hálfu sjóðsins. Engin krafa er því eftir í bankann.

Fjölmög ágreiningsmál eru nú rekin vegna krafna á hendur hinum föllnu fjármálafyrirtækjum. Sem stendur er sjóðurinn ekki aðili að neinu slíku dómsmáli en ljóst að niðurstaða þeirra, svo og þeirra sem fyrirsjáanlegt er að verði rekin í framtíðinni, getur haft áhrif á endurheimtur sjóðsins á grundvelli þeirra krafna sem hann á eða mun eignast.

Kröfurnar eru ekki færðar í ársreikning vegna óvissu um endanlegar fjárhæðir og innheimtu.

# Rekstrarreikningur ársins 2010

## - verðbréfadeild

---

	Skýr.	2010	2009
<b>Tekjur</b>			
Framlög aðildarfyrirtækja .....	3	857	484
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur .....	(	1.993)	23.743
	(	1.136)	24.228
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....		212	122
Annar rekstrarkostnaður .....		324	140
Umsýsluþóknanir .....		85	404
Fjármagnstekjuskattur .....		2.314	5.086
		2.935	5.752
<b>(Gjöld umfram tekjur) tekjur umfram gjöld .....</b>	<b>5</b>	<b>(</b>	<b>4.071)</b>
			18.475

# Efnahagsreikningur 31. desember 2010

## - verðbréfadeild

	Skýr.	31.12.2010	31.12.2009
<b>Eignir</b>			
<b>Bankainnstæður og verðbréf</b>			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæður .....		195.490	165.322
Aðrar bankainnstæður .....		7	2.162
Verðbréf .....	1,4	0	57.420
		195.497	224.905
<b>Aðrar eignir</b>			
Krafa á aðildafélög vegna ógreiddra framlaga .....		0	127
Fjármagnstekjuskattur .....		1.858	0
Krafa á innstæðudeild .....		18.941	0
		20.799	127
<b>Eignir samtals</b>		<b>216.296</b>	<b>225.031</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Fjármagnstekjuskattur .....		2.545	5.356
Skuld við innstæðudeild .....		0	1.886
Aðrar skuldir .....		89	56
		2.634	7.298
<b>Eigið fé</b>			
Eigið fé .....	5	213.662	217.733
		213.662	217.733
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>216.296</b>	<b>225.031</b>

# Sjóðstreymsyfirlit árið 2010

## - verðbréfadeild

	Skýr.	2010	2009
<b>Rekstrahreyfingar</b>			
(Gjöld umfram tekjur) tekjur umfram gjöld .....	(	4.071)	18.475
Breytingar á rekstrartengdum eignum .....		36.748	144.229
Breytingar á rekstrartengdum skuldum .....	(	4.664)	2.504
<b>Hækkun á handbæru fé .....</b>		28.013	165.208
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		167.485	2.277
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		195.498	167.485

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.
- b. Verðbréf eign sjóðsins er færð á markaðsverði.
- c. Viðskiptaþóknanir eru færðar til lækkunar á vaxtatekjum, verðbótum og gengismun en föst umsýslubóknun fyrir fjárvörslu er færð sem sérstakur liður meðal gjalda.

## 2. Skuldbindingar

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 9. apríl 2010 var VBS fjárfestingarbanki hf. tekinn til slitameðferðar og með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 14. júlí 2010 var Askar Capital hf. einnig tekinn til slitameðferðar Stofnaðist þar með til greiðsluskyldu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir þeim aðilum sem gætu átt kröfu á hendur Tryggingarsjóði. Um er að ræða mat sjóðsins byggt á upplýsingum frá viðkomandi aðildarfélagi og þeim kröfum sem borist hafa sjóðnum. Miðað er við þá dagsetningu þegar viðkomandi aðildarfélag var tekið til slitameðferðar. Endanlegar staðfestingar á kröfunum ligga þó ekki fyrir í öllum tilvikum:

**Fjármálfyrirtæki:**  
VBS fjárfestingarbanki hf. ....  
Askar Capital hf. ....

**Dags. Áætlaður fjöldi kröfuhafa**  
9.4.2010 Um 200 aðilar sem áttu verðbréf í fjárvörslu  
14.7.2010 Engar kröfur hafa komið fram

Vegna þeirra óvissu sem ríkir um réttmæti ofangreindra krafna hefur fjárhæð skuldbindinga sjóðsins vegna falls framangreindra aðila ekki verið færð í ársreikning sjóðsins.

## 3. Framlög aðildarfyrirtækja

Á árinu var aðeins innheimt vegna nýrra aðildarfélaga skv. 6 gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999 þar sem sjóðurinn hafði náð lágmarksstærð, sem er 100 millj. kr. Alls voru innheimtar 857.208 kr. auk þess sem gefnar voru út ábyrgðaryfirlýsingar að fjárhæð 3.103.487 kr. Tryggingarsjóður hefur hafið undirbúnning vegna inngreiðslna á grundvelli gildandi laga nr. 98/1999. Verði frumvarp um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta (þskj. 268 - 237. mál) sem nú er til meðferðar Alþingis að lögum fyrir 1. mars verður innheimta í sjóðinn á árinu 2011 verulega breytt frá því sem verið hefur. Útreikningur á inngreiðslubörf í sjóðinn á árinu 2010 hefur því ekki farið fram.

## 4. Eignir í fjárvörslu

Samningum um eignastýringu við Arion Banka hf. og MP Banka hf. var sagt upp á árinu. Allar eignir í fjárvörslu hafa verið innleystar og ráðstafað á bankareikninga í Seðlabanka Íslands. Inngreiðslum hefur einnig verið ráðstafað á reikninga í Seðlabanka. Þannig eru eignir sjóðsins óbundnar og tilbúnar til útgreiðslu með skömmum fyrirvara.

Verðbréf greinast þannig:	2010	2009
Erlend skuldabréf .....	0	57.422
	0	57.422

## 5. Eigið fé

Breytingar á eigin fé greinast þannig:

Eigið fé 1.1 .....	2010	2009
(Gjöld umfram tekjur) tekjur umfram gjöld .....	( 4.071)	18.475
Eigið fé 31.12 .....	213.662	217.733

## Skýringar, frh.:

---

### 6. Krafa Tryggingarsjóðs á hendur slitastjórnum fjármálfyrirtækja

millj. kr.

Sjóðurinn hefur gert eftirfarandi kröfur á hendur slitastjórnum fjármálfyrirtækja:

VBS fjárfestingarbanki hf. .... 810.773

Kröfur sjóðsins eru grundvallaðar á greiðsluskyldu sjóðsins vegna slitameðferðar viðkomandi aðildarfélags. Slitastjórn VBS hefur frestað afstöðu til krafna sjóðsins. Hluti af framangreindum kröfum falla að mati sjóðsins ekki undir lög nr. 98/1999 og eru því ekki réttmætar en vegna varfærni eru þær hafðar uppi, enda hefur þeim verið lýst af viðskiptavinum VBS í bæði VBS og Tryggingarsjóð. Kröfurnar eru ekki færðar í ársreikning vegna óvissu um endanlegar fjárhæðir og innheimtu.